

um bættu skipan launa- og kjaramála.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Pétur Sigurðsson, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa samstarfsnefnd eftir tilnefningu frá aðilum vinnumarkaðarins, er falið skuli að athuga og gera tillögur um breytta og bættu skipan íslenskra launa- og kjaramála.

Meginmarkmið og verkefni slíkrar athugunar skulu vera:

1. Að gera tillögur um, hvernig einfalda megi og samræma uppbyggingu launa-kerfa í landinu með því m. a. að afnema eða draga úr álögum á kaup og aukagreiðslur en fella þessa þætti inn í taxtakaup.
2. Að endurskoða kauptaxta hinna ýmsu starfsstétta með hliðsjón af raunverulegu lágmarkskaupi. Í kjarasamningum verði í auknum mæli miðað við greidd laun, en ekki taxtakaupið eitt.
3. Að endurskoða reglur um ákvæðisvinnu, uppmælingartaxta og bónusgreiðslur.
4. Við gerð kjarasamninga verði viðfangsefni sérviðræðna afmörkuð betur en nú tíðkast, þannig að árangur þeirra liggja sem gleggst fyrir áður en aðalsamninga-nefndir hefja samningaviðræður.
5. Að efla almennar kjararannsóknir og í því sambandi að endurskoða starfssvið og starfshætti Kjararannsóknarnefndar.
6. Að gera tillögur um, á grundvelli fyrirbyggjandi vitneskju og gagna, hvernig stuðla megi að aukinni innbyrðis samvinnu og samráði helstu heildarsamtaka launþega og koma á markvissri umræðu og fræðslu á þeim vettvangi um ástand efnahagsmála hverju sinni og um grundvallaratriði atvinnu- og efnahagslífs þjóðarinnar.
7. Sú upplýsinga- og fræðslustarfsemi, er felst í 6. lið, haldist í hendur við traust og skipulegt samráð ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins.

Samstarfsnefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitserð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er þess freistað, að Alþingi hlutist til um að gerð verði ákveðin tilraun til að ráða bót á rikjandi vandræðaástandi í skipan íslenskra launa- og kjaramála. Öllum er ljóst, að hér er annars vegar eitt stærsta og um leið viðkvæmasta vandamál í íslensku þjóðfélagi í dag. Ekki þarf að kvarta yfir því, að þessi mál hafi ekki fengið þá umræðu sem þau eiga skilið. Sannleikurinn er þvert á móti sá, að á sama tíma og almenningur í landinu hefur verið ofmettaður af endalausum rökræðum og þjarki um kaup og kjör hafa þessi mál öll þróast til verri vegar og virðast nú, illu heill, komin í algera blindgötu.

Það, sem við þurfum nú, eru því ekki fleiri orð, heldur markvissar ákvarðanir og aðgerðir í jákvæðum sáttanda með velferð þjóðarheildarinnar fyrir augum — án þess að gleyma neinum. Það er þannig ekki til lítills ætlast af samstarfsnefnd þeirri, sem hér er gerð tillaga um, og varðar öllu að vel takist til um skipan hennar. Það er með ráði gert, að tiltaka ekki nánar en gert er í tillögunni um það, hvernig hún skuli skipuð. Eðlilegt er og sjálfsagt að leitað sé til aðila vinnumarkaðarins um tilnefningu nefndarmanna. Það er hins vegar skoðun flutningsmanna, að nefndin eigi að vera fámenn, 3—5 menn með staðgóða þekkingu og reynslu á sviði verka- lýðs- og kjaramála án þess þó að tilheyra hinum innsta hring í forustusveit launþega og vinnuveitenda, sem alfarið bera hita og þunga samningamálanna. Nefndin

ætti þannig að vera eins hlutlaus og unnt er, skipuð hæfum og velviljuðum mönnum, sem njóta almenns trausts og eru líklegir til að meta málin af yfirsýn og óhlutdrægni.

Fyrstu tveir töluliðir tillögunnar fjalla um atriði sem fullyrða má að séu nú eitt hið brýnasta markmið og verkefni sem leysa þarf, þ. e. einföldun og samræming í uppbyggingu launakerfa í landinu og aðlögun kauptaxta að raunverulegu lágmarkskaupi. — Í dag eru greidd laun á Íslandi eftir sex — sjö hundruð mismunandi launatöxtum. Innan eins fyrirtækis, Flugleiða hf., eru notaðir um það bil 500 taxtar, hjá Sláturfélagi Suðurlands tæplega 350, hjá Slippstöðinni á Akureyri 85 kauptaxtar. Hér til viðbótar koma svo auðvitað sérstakir taxtar fyrir eftir- og næturvinnu. Er hægt að ímynda sér, að störf innan þessara fyrirtækja séu í eðli sínu svo margbreytileg eða svo misjafnlega mikilvæg fyrir viðgang þeirra, að slík aðgreining í launum geti átt nokkurn rétt á sér eða samrýmist heilbrigðri skynsemi? — Auðvitað ekki, — og það sem verra er, á allra vitorði er sú staðreynd, að allur þessi aragrúi af mismunandi kauptöxtum er síður en svo í réttlætisins þágu, heldur nánast markleysa ein, þar sem óteljandi álögur og aukagreiðslur skekkja kauptaxtann og skæla í allar áttir, svo að hin raunverulega kaupgreiðsla er meira og minna á huldu þegar upp er staðið.

Þarna er fólgið eitt alvarlegasta meinið, hinn versti þrándur í götu fyrir skynsamlegri og réttlátri framkvæmd íslenskra launa- og kjaramála. Hinn almenni launþegi veit ekki lengur sitt rjúkandi ráð, hefur vart nokkur tók á því að fylgjast með og skilja, hvernig launin, sem hann fær fyrir vinnu sína, eru til komin. Fyrir hann er það í senn neikvætt og niðurlægjandi og til þess fallið að skapa tortryggni og spennu milli starfsstétta — og jafnvel á milli fólks sem vinnur hlið við hlið á sama vinnustað.

Hér þarf að ganga beint til verks, hreinsa til, skýra línurnar, fækka vistarverum í völuðarhúsi kjaramálanna og umfram allt lýsa þær betur upp, svo að ratljóst verði hverjum þeim sem skyggnast vill þar um gættir og átta sig á því, sem fram fer í því húsi — og hvernig það fer fram. Það væri öllum aðilum jafnt í hag: launamanninum, þeim, sem greiðir honum launin, og hinum, sem fer með hið vandasama hlutverk samningamannsins í umboði samningsaðila. Það mundi bæta andrúmsloftið í samningaviðræðum og draga úr, ef ekki binda endi á baktjaldamakkið og laumuspilið sem einkennt hefur í allt of ríkum mæli öll vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Það ætti jafnframt að tryggja aukið jafnvægi á launamarkaðnum, meiri frið um kaup og kjör og skiptingu hinnar svokölluðu „þjóðarköku“.

Þriðji og fjórði liður tillögunnar tengjast beint og óbeint tveimur þeim fyrstu. Hin svokölluðu „hvetjandi launakerfi“ hafa rutt sér mjög til rúms hérlandis á síðari árum. Mun óhætt að segja, að sú þróun sé æskileg, og víst væri það best, að hver fengi borgað eftir því sem hann hefur til unnið. Þó eru hér ýmsir agnúar á og vafalaust eiga þessi launakerfi: bónusgreiðslur, uppmælingataxtar og önnur ákvæðisvinna, sinn þátt í því, hve umsamdir launataxtar eru í mörgum tilvikum lítt til marks um hið raunverulega kaup eða ráðstöfunarfé sem launþeginn fær í hendur. Full þörf er á að endurskoða gildandi reglur í þessum efnum, sem í reynd munu mjög svo margbreytilegar. Þannig munu margir vera þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að setja þarna eitthvert hámark eða þak, sem há tengist einnig spurningunni um eftir- og næturvinnu, er segja má að sé nú orðið landlægur ávani — eða óvani á íslenskum vinnumarkaði. Þetta er ekki eingöngu spurning um peninga, heldur jafnframt og ef til vill öllu fremur um vinnuvernd og um leið fjölskylduvernd. Tvímælalaust verður að stefna að því, allra hluta vegna, að draga svo sem unnt er úr eftirvinnunni, en borga hins vegar betur fyrir dagvinnu.

Þessi síðastnefndu atriði, undir 3. og 4. lið, munu að jafnaði meðal viðfangsefna sérviðræðna við gerð kjarasamninga, sem taka oft lengri tíma en góðu hófi gegnir. Jafnframt verður ætíð sú raunin á, að einstakir þrýstihópar ná í gegnum sérkröfur sínar launa- og kjarabótum, sem skekkja hið almenna launamat, er niðurstöður aðalsamningsins byggðust á. Afleiðingin er gamalkunn og síendurtekin: launalægsta

fólkið, almennir verkamenn, iðnverkafólk, Sóknarkonur verða að láta sér lynda, að aðgangsharðir sérkröfuhópar fái drjúga kaupauka eftir ýmsum krókaleiðum ofan á aðalsamninginn, sem gengið var frá áður. Í kjarasamningunum 1977 námu sérkröfur hjá sumum sérgreinasamböndunum á annað hundrað prósentum. Hér þarf því nauðsynlega að söðla um þannig að aðalsamningurinn geti tekið mið af niðurstöðum sérvíðræðna. Eins og málum er háttað nú er alveg ljóst, að það er hin mismunandi samsetning launanna, sem skiptir sköpum í kjarasamningum, og tómt mál að tala um launajafnvægi eða launajöfnun á meðan ekki er horfið frá þeim vinnubrögðum, er tíðkast hafa við gerð kjarasamninga. Að sjálfstögðu vegur hér einnig þungt á metunum hið meingallaða vísitölukerfi, sem reynst hefur mikill vandræðavaldur í þeirri óðaverðbólgu, sem við eigum við að búa.

Í 5. lið tillögunnar er lagt til, að almennar kjararannsóknir verði efldar og í því sambandi endurskoðað starfssvið og starfshættir Kjararannsóknarnefndar. Til nefndarinnar var stofnað fyrir 15 árum með aðild fulltrúa frá ASÍ, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu. Kjararannsóknarnefndin hefur tvímælaust gegnt mikilvægu hlutverki, m. a. með söfnun upplýsinga um kaup og kjör innan ASÍ. En auðsætt er, að færa verður út starfssvið hennar þannig að það nái til alls vinnumarkaðarins, verði þar almennur vettvangur rannsókna og upplýsinga um ástand launa- og kjaramála í landinu. Það virðist t. d. kjörið verkefni fyrir allsherjar kjararannsóknarnefnd að kanna og upplýsa þau atriði, sem sérstaklega er fjallað um í þessari tillögu: samsetningu launa, vægi kauptaxta, álagsgreiðslur, launahlutföll á vinnumarkaðnum, svo nokkuð sé nefnt. Væri starfssvið nefndarinnar fært út með þessum hætti, kæmi um leið til endurskoðun á fjármögnun hennar, en nú er starfsemi hennar kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Um markmið það, sem felst í 6. lið tillögunnar, verður naumast deilt, þótt hægara muni sagt en gert að koma því í framkvæmd. Reynslan fram að þessu af ráðum og nefndum, er stofnað hefur verið til í þessum tilgangi, er því miður ekki uppörvandi. Þar mun þó mikið hafa verið talað, en minna orðið um athafnir og framtak á þessu sviði. En aðalatriðið er, að eftir einhverjum leiðum takist að virkja áhuga og löngun hins vinnandi manns, hvar í stétt sem hann stendur, til að fylgjast með og fræðast um eigin stöðu í síbreytilegu samfélagi, auka þekkingu sína og skilning á högum annarra og á þjóðfélaginu, sem við lifum í og er sameign okkar allra. Enginn vafi er á að slík starfsemi mundi, ef vel tækist til um framkvæmd hennar, verka til góðs og hugsanlega draga nokkuð úr þeim óheillavænlega metingi og spennu milli starfshópa, sem sjúklegt verðbólguástand hefur magnað ár frá ári.

Í sambandi við 7. og síðasta tölulið tillögunnar ber þess að geta, að 27. sept. s. l. var gefin út reglugerð samkvæmt efnahagslögum Ólafs Jóhannessonar frá 10. apríl 1979 um samráð stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Þar er gert ráð fyrir 20 manna samráðsnefnd, er skipuð skal fulltrúum allra helstu samtaka launþega og vinnuveitenda. Ekki mun þó enn hafa orðið af skipun þessarar nefndar og ekki sýnist, í ljósi fyrri reynslu, vera ástæða til hjartsýni um árangur af störfum svo fjölmennrar nefndar, þótt góður vilji væri fyrir hendi.

Í málefna­samningi núverandi ríkisstjórnar er því lýst yfir, að hún sé „fyrir sitt leyti reiðubúin til þess að stuðla að einföldun launakerfisins í landinu með því að beita sér fyrir samstarfi helstu samtaka launafólks um stefnumótun í launamálum“. Þetta ákvæði stjórnarsáttmálans hefði að skaðlausu mátt vera ákveðnara, en vissulega felur það í sér vísbendingu um góðan vilja, sem er í sjálfu sér mikils virði og mun væntanlega verka til stuðnings því máli, sem hér er flutt.

Þessi tillaga er fram borin í trausti þess, að á Alþingi sé fyrir hendi skilningur á aðkallandi nauðsyn þess, að komið verði fram raunhæfum umbótum í meðferð launa- og kjaramála, sem tryggi aukið jafnvægi, meiri frið — meira réttlæti til handa öllu vinnandi fólki í landinu. Flutningsmenn hennar telja, að samþykkt hennar og framkvæmd mundi marka heillavænleg spor í þá átt.